

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 100/2007 (aldurstengd örorkuuppbót).

Flm.: Guðmundur Ingi Kristinsson, Ásthildur Lóá Þórsdóttir, Eyjólfur Ármansson,
Inga Sæland, Jakob Frímann Magnússon, Tómas A. Tómasson.

1. gr.

Á eftir 1. mgr. 21. gr. laganna kemur ný málsgrein, svohljóðandi:
Þegar réttur til örorkulífeyris fellur niður og taka ellilífeyris hefst skal réttur til aldurstengdrar örorkuuppbótar haldast óbreyttur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Grei nargerð.

Frumvarpið var áður lagt fram á 150. og 151. löggjafarþingi (92. mál) en náði ekki fram að ganga. Á 151. löggjafarþingi bárust umsagnir um frumvarpið frá Landssamtökunum Proskahjálp, Öryrkjabandalagi Íslands og Félagi eldri borgara í Reykjavík og nágrenni. Umsagnaraðilar lýstu allir yfir stuðningi við frumvarpið. Frumvarpið er nú lagt fram að nýju óbreytt.

Þegar örorkulífeyrisþegi verður 67 ára, þ.e. nær þeim aldri þegar réttur til töku ellilífeyris myndast, fellur niður réttur hans til aldurstengdrar örorkuuppbótar. Við þetta tímamark skerðast greiðslur viðkomandi um þá upphæð sem nemur aldurstengdri örorkuuppbót hans. Þessi skerðing hefur mikil áhrif á ráðstöfunartekjur öryrkja og er þeim verulega íþyngjandi. Rökin fyrir því að greiða aldurstengda örorkuuppbót eru þau að aflahæfi viðkomandi skerðist til lengri tíma allt eftir því hve ungar hann er þegar hann er metinn til 75% örorku. Þau rök eiga við óháð því hvort viðkomandi er 66 eða 67 ára, enda er það svo að með sífellt bættum læknavísindum hefur aflahæfi fólks aukist vel fram yfir 67 ára aldur. Þeir sem eru vinnufærir geta nýtt sér úrræði laganna til töku hálfss lífeyris eða nýtt sér frítekjumörk ellilífeyris en þeir sem eru óvinnufærir njóta þá engrá slíkra úrræða. Því á hin aldurstengda örorkuuppbót ekki að falla niður við upphaf töku ellilífeyris.